

**Hlíf Sigurjónsdóttir** nam fiðluleik hjá Birni Ólafssyni konsertmeistara við Tónlistarskólann í Reykjavík, fór síðar til framhaldsnáms við Háskólana í Indiana og Toronto og Listaháskólann í Banff og nam einnig hjá Gerald Beal fiðluleikara í New York borg. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu hljóðfæraleikurum tuttugustu aldarinnar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, György Sebök, Rucciero Ricci og Igor Oistrach.

Hlíf hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljóm-sveitum og kammersveitum víða um Evrópu, í Bandaríkjunum og Kanada og gefið út geisladiska, meðal annars með öllum sönötum og partítum J.S. Bach fyrir einleiksfiðlu. Hún hefur frumflutt mörg tónverk sem samin hafa verið sérstaklega fyrir hana.

**Sarah Buckley** stundaði nám við háskólann í Manchester þaðan sem hún lauk BMus gráðu. Auk víóluleiks og fræðigreina nam hún fiðlu-, píanó- og óbóleik. Að loknu námi í Manchester hlaut hún námsstyrk til post graduate náms við Royal Academy of Music í London. Eftir tveggja ára nám þar réðst hún tímabundið til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, en fór síðan aftur til Englands og vann sem víóluleikari í lausamennsku með ýmsum hljómsveitum í London og víðar. Hún hefur verið fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands síðan 1992 og auk þess spilað með minni hópum, t.d. Kammersveit Reykjavíkur. Hún kennir einnig Suzuki aðferð á víólu við Suzukitónlistarskólann í Reykjavík.

**Martin Frewer** útskrifaðist sem stærðfræðingur frá Oxford University. Á sama tíma var hann í einkatímum hjá fiðlukennaranum Yfrah Neaman. Eftir útskrift hélt hann áfram fiðlunámi í Guildhall School of Music & Drama í London hjá Yfrah Neaman og lærði þá einnig á víólu hjá Nannie Jaimeson. Árið 1983 fluttist Martin til Íslands til að spila með Sinfóníuhljómsveitinni. Hann tók sér frí í tvö og hálf ár og vann þá sem hugbúnaðarhönnuður. Núna starfar hann eingöngu sem tónlistarmaður og spilar með Biber tríóinu, Sardas kvartettinum, Árstíðakvartettinum, Bach-sveitinni í Skálholti og ýmsum kammersveitum og hópum. Hann útsetur einnig og stjórnar.

**Sigurður Bjarki** lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1995 undir handleiðslu Gunnars Kvaran. Sigurður lauk Bachelors-prófi frá Manhattan School of Music árið 1998 og Masters-prófi frá Juilliard-skólanum í New York árið 2000. Auk þess að starfa í Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur Sigurður Bjarki komið fram með Kammersveit Reykjavíkur, CAPUT-hópnum og Kammerhóp Salarins. Sigurður hefur einnig komið fram á sumartónleikum í Skálholti og tónlistarhátíðinni á Kirkjubæjarklaustri.

# Kammertónleikar

## í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Mikhail Simonyan

*fiðla*

Hlíf Sigurjónsdóttir

*fiðla*

Sarah Buckley

*lágfiðla*

Martin Frewer

*lágfiðla*

Sigurður Bjarki Gunnarsson

*selló*



föstudaginn 8. apríl 2011 kl. 20:00

## Efnisskrá

Tónleikar þessir eru haldnir að frumkvæði hins franska fiðlu- og boga-smíðs, **Christophe Landon** en hann hefur smíðað öll hljóðfærin sem hér er leikið á.

Christophe er fæddur og uppalinn í Frakklandi en býr í New York þar sem hann rekur verslun og vinnustofu. Hann rekur einnig vinnustofur og verslanir í Seoul, Shanghai, París og Berlín og af viðskiptavinum hans má nefna félagi úr New York Fílharmoníunni og Berlínarfílharmoníunni.

Árið 2005 fól hann fiðluleikurinum Hlíf Sigurjónsdóttur og Hjörleifi Valssyni, sem leika á fiðlur sem hann hefur smíðað, að leika **44 DÚÓ** eftir Béla Bartók inn á geisladisk, sem hann notaði til að kynna hljóðfæri sín. Sá diskur hefur hlotið frábæra dóma hérlendis sem erlendis.

Christophe er mörgum íslenskum stengjaleikurum að góðu kunnur þar sem hann hefur reglulega heimsótt Ísland síðastliðin sex ár til að sinna íslenskum hljóðfæraleikurum og þá haft aðstöðu hér í safninu.

Á tónleikunum verður tekið á móti frjálsum framlögum, sem renna óskert til styrktar sumartónleikaröð Listasafns Sigurjóns Ólafssonar á þessu ári. Að tónleikunum loknum verður boðið upp á hressingu og gestir fá tækifæri til að spjalla við þá Mikhail Simonyan og Christophe Landon.

**Mikhail Simonyan** fiðluleikari er frá Novosibirsk í Síberíu og hóf fiðlu-nám fimm ára gamall. Árið 1999, þá þrettán ára gamall, lék hann einleik með hljómsveit ungra rússneskra og bandarískra hljóðfæraleikara í Lincoln Center í New York og hlaut mikið lof fyrir. Það sama ár lék hann fiðlukonsert eftir Szymanowski í St. Pétursborg. Mikhail hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir fiðluleik sinn og er enn af eftirsóttustu fiðluleikurum meðal yngri kynslóðarinnar.

Mikhail Simonyan leikur á nýja fiðlu sem Christophe Landon smíðaði fyrir hann. Lék hann fyrst á hana Tjaikovski fiðlukonsertinn á þrennum tónleikum með New York Fílharmoníusveitinni í júní á liðnu ári.

Felix Mendelssohn  
(1809 – 1847)

Kvintett no. 2 í B dúr, op. 87

Allegro vivace

Andante scherzando

Adagio e lento

Allegro molto vivace